

Fyrirspurnir og svör

Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður

Í þessu skjali mun Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður birta svör við fyrirspurnum sem sjóðnum berst. Þetta er gert til þess að gæta upplýsingajafnræðis á milli umsækjenda. Ekki verður hægt að rekja fyrirspurnir til einstakra sjóða/umsækjenda.

Uppfært: mánudagur, 18. október 2021

Fyrirspurn 11.10.21 – fylgigögn

Hvað er átt við með stofnsamningur sjóðs og starfsreglur sjóðs?

Svar:

Varðandi þau fylgigögn sem reglugerðin og starfsreglur kalla eftir er verið að leitast eftir öllum þeim gögnum sem gera stjórn Kríu kleift að meta hvort umsókn sérhæfða sjóðsins uppfylli skilyrði fyrir þátttöku Kríu. Sum þessara skjala munu heita öðrum nöfnum hjá umsækjendum en getið er um í starfsreglum stjórnar Kríu.

Með starfsreglum er átt við þær reglur, verklag eða verkferla sem sjóðurinn starfar eftir, ef þær eru sérstaklega til staðar. Dæmi um starfsreglur eru að finna [hér](#). Á ensku væri þetta rules of procedure. Það gæti verið að sjóðir séu ekki með slíkar reglur í sér skjali en hugsanlega eru þessar reglur inn í stofnsamningi eða í öðrum skjölum sjóðsins.

Með stofnsamning er átt við skilmála eða önnur skjöl sem segja til um hlutverk sjóðsins, hvernig sjóðurinn starfar, stofnendur sjóðsins, skilmála, o.s.frv.

Mælt er með að láta öll þau fylgigögn fylgja umsóknum sem geta upplýst stjórn Kríu um að sérhæfði sjóðurinn fullnægi skilyrðum fyrir þátttöku Kríu.

Fyrirspurn 12.10.21 – fjárfestar og ákvörðun um fjárfestingar

Í reglugerð um Kríu og í starfsreglum stjórnar segir að skilyrði fyrir þátttöku sé m.a. að „*fjárfestar hafi enga aðkomu að ákvörðunum um fjárfestingar sjóðsins*“.

Óskað er eftir nákvæmari upplýsingum um þetta skilyrði, þ.m.t. svör við eftirfarandi:

- Nær þetta skilyrði til fulltrúa fjárfesta sem sitja í stjórn, fjárfestingaráði eða hagsmunaráði sjóðs ef slíkt felur í sér ákvörðunarvald um fjárfestingar eða neitunarvald?
 - Svar: Þetta skilyrði nær ekki til þeirra aðila sem sitja í formlegum ráðum á vegum sérhæfða sjóðsins.
- Nær þetta skilyrði jafnt yfir alla fjárfesta eða er það bundið við ákveðið eignarhlutfall í sjóðnum?
 - Svar: Nær jafnt yfir alla fjárfesta.

Svar:

Þau skilyrði sem Kríu eru sett fyrir þátttöku í sérhæfðum sjóðum er að finna í 5. gr reglugerðar og í 6. gr. starfsreglna stjórnar.

Varðandi aðkomu fjárfesta að einstökum fjárfestingum þá þarf að skoða ákvæðið með öðrum ákvæðum reglugerðarinnar og sérstaklega öðrum töluliðum 5. gr. reglugerðarinnar. Þannig kemur fram í 2. tölul. að rekstraraðili eða ábyrgðaraðili sjóðsins skuli eiga hlut í honum en enginn einn fjárfestir, þ.m.t. rekstraraðili, getur átt meira en 50%. Í 7. tölul. kemur fram að sjóðurinn eigi að vera settur upp í samræmi við það sem almennt tíðkast um vísisjóði. Í 8. tölul. kemur svo fram að sjóðurinn skuli vera rekinn af viðurkenndum rekstraraðila eða sjóðnum sjálfum. Saman mynda 2. tölul. og 8. tölul. þá reglu að það þarf að vera rekstraraðili að sjóði og rekstraraðilinn þarf að eiga hlut í sjóðnum.

Í 6. gr. 6. tölulið, stafalið a í starfsreglum stjórnar er farið nánar út í uppsetningu sérhæfða sjóðsins. Þar segir „Fjárfestar leggja fram fé í sjóð sem stýrt er af sjálfstæðum rekstraraðila sem hefur það hlutverk að setja sjóðinn upp, safna fjárfestum og stjórna sjóðnum. Um sjóðinn gilda ákvæði stofnsamnings, reglna eða annarra samninga sem gerðir eru á milli fjárfesta og rekstraraðila um aðkomu að sjóðnum. Rekstraraðili skal vera bundinn af því að starfa í samræmi við stofnsamning, reglur sjóðsins eða aðra samninga sem kunna að vera gerðir milli aðila og skal í þessum skjölum tryggt að fjárfestar hafi enga aðkomu að ákvörðunum um einstaka fjárfestingar sjóðsins.“ Í 6. gr. 5. tölulið, 4. málsgrein í starfsreglum stjórnar Kríu kemur fram að í reglum sjóðsins skal tryggt að það sé aðeins á ábyrgð rekstraraðila, starfsmanna hans eða sérstaks fjárfestingarráðs að taka ákvarðanir um fjárfestingar sjóðsins.“

Almennt er talið að almennir fjárfestar (Limited Patners) í sérhæfðum sjóðum, sem ekki eru í formlegum ráðum, séu ekki með ákvörðunarvald um fjárfestingar. Sérhæfðir sjóðir geta því verið með ýmsar útfærslur á því hvernig ákvarðanir um fjárfestingar er háttað, en gerð er krafa um að ákvarðanir um fjárfestingar sé í samræmi við stofnsamninga, reglur eða aðra samninga sérhæfða sjóðsins.

Fyrirspurn 14.10.21 – aðgang að fylgigögnum og meðferð gagna

Hverjir munu fá aðgang að fylgigögnum umsókna?

Hvernig verður meðferð fylgigagna háttað m.t.t. persónuverndarlaga og gagnageymslu?

Svar:

Öll umsóknargögn og fylgigögn sem skilað verður inn til Kríu verða vistuð í CoreData skjalakerfi Kríu. Hver og einn umsóknaraðili (sérhæfður sjóður) verður með sér svæði þar sem umsóknargögn verða geymd. Sjóðstjóri Kríu og stjórn Kríu munu hafa aðgang að umsóknargögnum þeirra sjóða sem sækja um. Einnig, geta aðrir ráðgjafar á vegum Kríu fengið tímabundinn aðgang að umsóknargögnum, t.d. vegna áreiðanleikakannana og/eða samningsgerð í tengslum við umsóknir og fjárfestingu frá Kríu í sérhæfðum sjóði.

Stjórnarmenn Kríu eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt X. Kafla stjórnsýslulaga, sbr. 7. gr. laga nr. 65/2020 um Kríu – sprotta- og nýsköpunarsjóð. Þagnarskyldan nær m.a. til upplýsinga sem berast með umsóknum og í tengslum við umsóknir. Sjóðsstjóri og aðrir starfsmenn Kríu eru einnig bundnir þagnarskyldu samkvæmt X. Kafla stjórnsýslulaga. Ráðgjafar á vegum Kríu eru einnig bundnir þagnarskyldu.

Öll vistun á gögnum verður á rafrænu formi og innan CoreData skjalakerfisins. Lausn CoreData er Virtual private cloud lausn sem keyrir hjá AWS (Amazon Web Services - Á Írlandi). Öll þróun og rekstur er unnin með hliðsjón af ISO27001 staðlinum fyrir stjórnkerfi fyrir upplýsingaöryggi og er CoreData með ISO27001 vottun. CoreData geymir afrit (e. Backup) hjá Google Cloud í Belgíu.

Nálgast má yfirlit yfir vottanir AWS hér: <https://aws.amazon.com/compliance>.
Frekari upplýsingar um CoreData kerfið er að finna hér: <https://coredata.digital/is>.
